



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Lagt fyrir á Alþingi á 137. löggjafafingi 2009. Þskj. 155 – 118 mál.

ÖBÍ hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem felur í sér alvarlegar breytingar á almannatryggingum sem gert er ráð fyrir að taki gildi þann 1. júlí nk. Frestur til að skila inn athugasemdum eru einungis þrjú dagar sem nægir ekki til að skoða málið út frá öllum hliðum sem nauðsynlegt er þegar um bætur almannatrygginga er að ræða.

Athugasemdir við frumvarpið í heild:

ÖBÍ mótmælir að ráðist sé á almannatryggingakerfið með þeim hætti sem kemur fram í frumvarpinu. Þær breytingar sem eru lagðar til munu skerða bætur almannatrygginga til örorku- og ellilífeyrisþega. Þá munu þessar breytingar á bótum leiða til, í mörgun tilvikum, að fólk missi ákveðin réttindi sem það hefur í dag. Margir munu því verða fyrir skerðingum sem eru hlutfallslega meiri en fyrirhugaður hátekjuskattur.

Væntanlegar skerðingar á bótum valda miklum vonbrigðum sérstaklega þegar haft er í huga að ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún muni verja kjör þeirra sem verst eru settir og tekið hefur verið sérstaklega fram að ekki skuli skerða heildarlaun sem eru lægri en 400.000 kr. á mánuði. Í þeim breytingum sem stefnt er að gera á bótum almannatrygginga hefst skerðingin strax við tæpar kr. 160.000 á mánuði fyrir þá sem búa með öðrum og fyrir þá sem búa einir hefst skerðingin við rúmar kr. 180.000 (sjá myndir 1. og 2. í fylgiskjali).

Forsvarsmenn Örorkubandalags Íslands átta sig fullvel á þeim erfiðleikum sem blasa við þjóðinni um þessar mundir. Hins vegar er engan veginn hægt að sætta sig við að örorkjar og ellilífeyrisþegar séu settir út fyrir sviga. Örorkjar og ellilífeyrisþegar reka heimili og eru með skuldbindingar eins og aðrir landsmenn og geta því ekki tekið á sig umfram byrðir borið saman við aðra vegna fjármálakreppunnar.

ÖBÍ vill einnig benda á það siðleysi sem felst í því að skerða bætur almannatrygginga með einungis nokkurra daga fyrirvara, sér í lagi þegar haft er í huga, að þeir sem treysta á greiðslur úr almannatryggingakerfinu er að jafnaði fólk með lágar tekjur.

ÖBÍ vill benda á að tekjur örorkulífeyrisþega eru mjög lágur hjá þeim sem eru einvörðungu með bætur almannatrygginga sérstaklega þegar haft er í huga að um

lífsviðurværi fólks er að ræða, oft á tíðum til margra ára og hjá stórum hópi fólks allt lífið. Einstaklingur sem býr einn og er einungis með bætur almannatrygginga er með kr. 180.000 á mánuði og fær útborgað eftir skatt kr. 155.245. Fólk sem býr með öðrum og er einungis með bætur almannatrygginga er með kr. 153.500 sem er kr. 138.603 eftir skatt. Fólk með örorkumat er með skerta starfsorku og með hærri útgjöld að jafnaði en meginþorri almennings í landinu vegna lyfja- og lækniskostnaðar, sjúkra- og iðjubjálfunar o.fl. Þessi útgjöld hafa verið að hækka á undanförunum mánuðum. Jafnframt er minnt á að elli- og örorkulífeyrisþegar urðu fyrir allt að 10% skerðingum á bótum almannatrygginga í janúar sl. Þá hafa nokkrir lífeyrissjóðir tilkynnt lækun á greiðslum til lífeyrisþega í kjölfar bankahrunsins. Því er það mjög alvarlegt þegar örorkulífeyrisþegar verða fyrir skerðingum eins og nú er lagt til að taki gildi þann 1. júlí nk.

Auknar skerðingar á bótaflokkum í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007.

Ljóst er að með ýmsu móti er verið að breyta skerðingarákvæði almannatrygginga á einstökum bótaflokkum sem veldur því að bætur skerðast meira og fyrr en áður. Sem dæmi þá er gert ráð fyrir að aldurstengda örorkuuppbótin skerðist hlutfallslega meira en áður og það á einnig við um tekjutrygginguna (sbr. 14. og 15. gr. frumvarpsins). Slíkar skerðingar munu hafa veruleg áhrif á afkomu þeirra sem treysta á bætur almannatrygginga.

Viðbótarskerðingar á réttindum.

Auknar skerðingar munu leiða til þess að fólk missir, í auknum mæli, ákveðna bótaflokka. Þegar fólk missir t.d. grunnlífeyrinn skerðast ákveðin réttindi sem geta verið nauðsynleg vegna fötlunar eða sjúkdóms viðkomandi. Sem dæmi getur hlutdeild í kostnaðarpáttöku sjúklinga aukist talsvert hvað varðar sjúkra-, iðju- og talþjálfun og tannlækningar. Á það einnig við um tekjutryggingu og heimilisuppbót sem skerðast jafnhliða. Þegar þessir bótaflokkar falla niður lækkar endurgreiðsla tannlæknaðkostnaðar úr 75% í 50% miðað við gjaldskrá heilbrigðisráðherra. Ef grunnlífeyrinn fellur niður missir fólk endurgreiðsluna að fullu.

Eins og kemur hér að ofan getur fólk orðið fyrir viðbótarskerðingum ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt og fólk mun þá eiga talsvert erfiðara með að fá þá þjónustu sem það þarf á að halda. Nauðsynlegt er að breyta reglugerðum til að fyrirbyggja óafturkræfum skaða á heilsu fólks.

Athugasemdir við 14. gr. frumvarpsins.

Í 14. gr. frumvarpsins lið c) kemur fram að örorkulífeyrisþegar skulu hafa kr. 300.000 frítekjumark á ári vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar. Vert er að geta þess að frítekjumarkið er í raun 1.315.200 kr. á ári sem er ákvæði til bráðabyrgða sem gildir til loka árs 2009. Mikilvægt er að setja inn í lögin nógildandi frítekjumark til að koma í veg fyrir að það falli úr gildi um næstu áramót. Önnur leið er að framlengja það tímabundið í þrjú ár eða þar til að nýtt örorkumat tekur gildi sem stjórnvöld hafa boðað.

Í 14. gr. lið d) segir til um að skyldubundnar atvinnutengdar lífeyrisgreiðslur skerða grunnlífeyrinn og fellur hann alveg niður við ákveðin tekjumörk. Er það í fyrsta skipti í sögunni sem slíkt gerist. Skerðing vegna þessarar breytingar nemur á bilinu 0,1 – 7,7% af heildartekjum örorkuþegans í þeim dæmum sem eru sýnd í myndum 1 og 2 í fylgiskjali en ef horft er eingöngu á bætur almannatrygginga er skerðingin á bilinu 0,1

– 76%. Þegar lífeyrisgreiðslur eru komnar í kr. 331.778 á mánuði fellur grunnlífeyrinn alveg niður og skerðingin er þá 100%.

Athugasemd við 30. gr. frumvarpsins lið V, í XVI KAFLA.

Í 30. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að auka skerðingarhlutfall tekjutryggingar úr 38.5% í 45% vegna tekna. Þeirri skerðingu er mótmælt þar sem margir munu lækka í tekjum vegna þess. Þá er um að ræða ákvæði til bráðabyrgða frá 1. júlí 2009 til og með 31. desember 2013 sem er samtals 4 1/2 ár. Þessi tími telur ÖBÍ of langur. Samkvæmt samtölum við félags- og tryggingamálaráðherra hefur komið fram vilji hans að ákvæðið eigi ekki að gilda lengur en í þrjú ár.

Lokaorð.

ÖBÍ mótmælir harðlega þeim skerðingum á almannatryggingum sem lagðar eru til að taki gildi þann 1. júlí nk. Fyrirhugaðar skerðingar eru umtalsverðar og hlutfallslega meiri en lagðar eru á meginþorra almennings í landinu.

ÖBÍ hvetur alþingismenn til þess að standa vörð um velferð fólks. Hvar er hugmyndafræðin um velferðarkerfi að hætti norðurlanda? Þess er krafist að alþingi dragi tilbaka fyrirhugaðar skerðingar á almannatryggingakerfinu og leiti annarra leiða til að ná fram sparnaði í ríkisfjármálum.

Virðingarfyllt,

f.h. ÖBÍ,




Halldór Sævar Guðbergsson,
formaður.



Lilja Þorgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

Mynd 1: Áhrif lífeyrissjóðstekna á bætur almannatrygginga eftir 1. júlí 2009. Dæmi um væntanlegar skerðingar hjá örorkulífeyrisþegum sem búa einir og eru með aldurstengda örorkuuppþót (15%). Aldur einstaklings við örorkumat 40-45 ára. Um er að ræða upphæðir áður en staðgreiðslan er dregin frá.



Skýringar.

Á myndum 1 og 2 (bls. 5) má sjá að skerðingar á bótum eru umtalsverðar. Í prósentum talið eru skerðingarnar á greiðslum almannatrygginga á bilinu **0,1 – 76%** en þegar heildartekjur öryrkja eru teknar saman, þ.e. bætur almannatrygginga og greiðslur úr lífeyrissjóði, eru skerðingarnar á bilinu **0,1 – 7,7%**. Þegar lífeyrisgreiðslur eru komnar í kr. 331.778 á mánuði fellur grunnlífeyrinn alveg niður og skerðingin á bótum almannatrygginga er þá 100%.

Vert er að geta þess að hér eru einungis tekin dæmi þegar lífeyrissjóðsgreiðslur skerða bætur almannatrygginga en í frumvarpinu eru fleiri skerðingar fyrirhugaðar. Jafnframt er bent á að þeir sem missa ákveðna tekjuflokka vegna skerðingar á bótum geta misst ákveðin réttindi sem fylgja hverjum bótaflokki fyrir sig. Því má ætla að heildarskerðingar verði hærri en hér kemur fram.

Mynd 2: Áhrif lífeyrissjóðstekna á bætur almannatrygginga eftir 1. júlí 2009. Dæmi um væntanlegar skerðingar hjá örorkulífeyrisþegum sem búa með öðrum og eru með aldurstengda örorkuuppþót (15%) aldur einstaklings við örorkumat á bilinu 40-45 ára. Um er að ræða upphæðir áður en staðgreiðslan er dregin frá.

